

Mættir voru: Jón Ragnar Gunnarsson, Jón Garðar Steingrímsson, Gunnar Jónsson og Rósa Margrét Grétarsdóttir. Jón Ragnar setti fundinn kl 11:00.

1. Íslandsmótið

Jón Ragnar ræddi um dómarafundinn sem haldinn var samhliða stjórnarfundinum. Boðað var til fundarins með nokkrum fyrirvara en Jón Ragnar lýsti áhyggjum sínum yfir vá þeirri ef aðildarfélögin mæta ekki með nægan fjölda starfsmanna á Íslandsmótið. Nú skiptir mestu máli að aðildarfélög TKÍ standi saman og verður þetta mót prófsteinn fyrir félögin.

Allur undirbúningur hefur gengið nokkuð vel. Búið er að setja upp tölvukerfi sem Stig Ove Ness lét TKÍ í té, einnig var það þýtt af norsku yfir á íslensku. Búið er að kaupa alla verðlaunapeninga fyrir mótið. Verðlaunapeningarnir verða af tveimur gerðum, einn bikar fyrir besta sparringliðið, annar fyrir besta poomseliðið og þriðji fyrir besti stuðningsliðið.

Rætt var um félög sem ekki eru fyllilega viðurkennd af ÍSÍ, samþykkt var að hamla ekki keppendum frá þeim félögum með því að banna þeim þátttöku.

2. Taekwondoþingið

Búið er að senda bæði fundarboðin og bæði voru send á réttum tíma. Síðara fundarboðið var sent ásamt kjörbréfum til ÍBR, ÍRB, ÍBA og ÍBH. Stuðst var við iðkendatölur fyrir árið 2004 þar sem nýjar tölur höfðu ekki borist á réttum tíma. Ef iðkendatölur berast fyrir þingið sem eru héraðssamböndunum til hagsbóta verður tekið tillit til þess á kjörbréfunum. Fundarstjóri verður Hafsteinn Pálsson. Ein lagabreytingatillaga verður borin fram en hún er sú að breyta þarf tákmynd TKÍ.

Rósa kom með tillögu um að hafa milliþinganefndir

3. Fjármál

Fjárhagsstaða sambandsins er ágæt, kostnaður við Íslandsmótið er hóflegur og búist er við því að hagnaður af mótinu verði í kringum 100.000 kr.

4. heiðursgráðu afhendingar

Víða um heim eru framámenn og fjárhagslegir bakhjarlar heiðraðir með heiðursnafnbótum, hefð er fyrir því að fráfarandi formenn sérsambanda/félaga séu heiðraðir með heiðursgráðu.

TKÍ hefur ákveðið að taka þurfi á þessu mál og lægja óánægjuöldur. Samfara því þarf að lýsa yfir stuðningi við heiðursnafnbótina en hlutleysi heiðursmannsins þarf þó að vera algjört skv. ályktun TKÍ..

Fundi slitið kl 11:50.